

11.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn **16.október 2019, kl. 14:00** á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru: Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Oddviti bað fundarmenn leyfis að bæta við dagskrá fundarins, vegna mála/erinda sem borist hafa síðan fundargögn voru send út. Fundarmenn samþykktu beiðnina og verða þessi atriði borin upp númer 7, 8. og 9.

Dagskrá fundarins:

1. Þjónustusamni.Byggðasamni.Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, lagður fram til kynningar og samþykktar.
2. Árneshreppur.is – framhald umræðu, skoða tilboð.
3. Lögreglan/netöryggisráð, póstur frá ráðuneyti. Lagt fram til kynningar.
4. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps, fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar.
5. Bréf frá Samb. ísl.sveitarfélaga varðandi loftlagsmál og heimsmarkmið, lagt fram til kynningar og umræðu.
6. Þingmannafundur haldinn 30.sept.2019 í Flókalundi, samantekt lögð fram til kynningar.

1. Þjónustusamni.Byggðasamni.Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, var lagður fram til kynningar. Samningurinn var síðan samþykktur.
2. Árneshreppur.is – framhald umræðu, skoða tilboð. Ákveðið var að leita fleiri tilboða og sjá hvort eitthvað hagstæðara kemur út úr því.
3. Lögreglan/netöryggisráð, póstur frá ráðuneyti. Lagt fram til kynningar.
4. Velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps, fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar.

5. Bréf frá Samb. ísl.sveitarfélaga varðandi loftlagsmál og heimsmarkmið, lagt fram til kynningar. Ákveðið var að skoða málin og afla meiri upplýsinga og taka málið fyrir aftur á næsta fundi hreppsnefndar.
6. Þingmannafundur sem haldinn var á Flókalundi 30.september s.l. Oddviti og varaoddviti voru á fundinum og rifjuðu upp ýmis mál sem þar voru reifuð. Einnig sagði oddviti frá sameiningarmálum sem kynnt voru á Fjármálaráðstefnu Samb.ísl.Svetarfélaga og á ársfundi Jöfnunarsjóðs.
7. Fjórðungssamband Vestfjarða, millipinganefnd. Skjölín voru send hreppsnefndarmönnum til kynningar, oddviti mun verða á Fjórðungspinginu þar sem ný lög verða lögð fyrir.
8. Bréf frá oddvita til G.P.H. varðandi umbeðnar upplýsingar vegna lóðar Finnbogastaðaskóla. Ákveðið var að bréfið verði sent ásamt fylgjandi pappírurum sem fyrst.
9. Fundargerð skipulagsnefndar frá fundi í dag tekin til umræðu. Hreppsnefndarmenn fóru yfir allar liði fundargerðarinnar og var hún samþykkt óbreytt og svohljóðandi;

Mættir voru: Arinbjörn Bernharðsson, formaður, Guðlaugur Agnar Ágústsson, aðalmaður, Úlfar Eyjólfsson, aðalmaður, Grettir Örn Ásmundsson, byggingarfulltrúi, og Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund.

**1. Skipulagstillaga – undirbúningur kynningar á vinnslustigi.**

Verkís vinnur að drögum að breytingu á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar og er þörf á að kynna þá vinnu sem framundan er á íbúafundi. Opið verður fyrir ábendingar í 2-3 vikur sem mið verður tekið af við vinnslu skipulagstillagnanna. Skipulagsnefnd leggur til að kynningin verði haldin um miðjan nóvember og mun hún verða auglýst nánar þegar endanleg dagsetning liggur fyrir.

**2. Bréf Páls Lýðs Pálssonar til skipulagsnefndar dags. 11.10.2019.**

Páll Lýður Pálsson óskar svara vegna óleyfisframkvæmda og skorts á aðgengi að fundargerðum skipulagsnefndar á veraldarvefnum.

Skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að annast málið.

**3. Bátaskýli á Gjögri – óleyfisframkvæmd.**

Skipulagsnefnd felur byggingarfulltrúa að annast málið.

**4. Strandferðir ehf. óskar eftir stöðuleyfi fyrir smáhýsi við höfnina á Norðurfirði.**

Óskað er eftir því að fá stöðuleyfi fyrir byggingu sem yrði aðstaða fyrir farþegaflutninga. Skipulagsnefnd frestar ákvörðun í málnu og óskar eftir frekari gögnum og leyfi frá landeiganda.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi hreppsnefndar slitið kl. 16:15

